Tillaga að ályktun um frumvarp til laga um lagareldi.

71. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, haldið á Patreksfirði 27.–28. október 2026, lýsir ánægju með að samningur hafi náðst vorið 2026 um stuðning stjórnvalda við áætlunarflug til Ísafjarðar til næstu fjögurra ára. Samningurinn skiptir miklu fyrir íbúa og atvinnulíf í nágrenni flugvallarins og eyðir óvissu sem ríkti um framtíð áætlunarflugs til Ísafjarðar. Um leið harmar Fjórðungsþingið skerðingu á áætlunarferðum á grundvelli sambærilegs samnings um áætlunarflug til Bíldudals.

Fjórðungsþing áréttar jafnframt að flug til og frá Vestfjörðum er ekki valkvæð þjónusta heldur hluti af almenningssamgöngum landshlutans. Fyrir marga íbúa er flug eina raunhæfa leiðin til að sækja heilbrigðisþjónustu, stjórnsýslu og menntun eða til að sinna fjölskyldu og atvinnu utan svæðisins innan dags. Skerðing á flugi hefur bein áhrif á mannlíf, atvinnulíf og menningu bæði á norður- og suðursvæði Vestfjarða. Hún dregur úr búsetugæðum og samkeppnishæfni og torveldar fyrirtækjum og stofnunum að laða að sér fólk og þjónustu.

Fjórðungsþing leggur sérstaka áherslu á eftirfarandi:

1. **Flogið verði til Ísafjarðar á laugardögum.** Aukið við verði við framboð flugferða í samningi um áætlunarflug til Ísafjarðar, án helgarflugs rofnar samfella í samgöngum og verulega dregur úr möguleikum íbúa, gesta og ferðaþjónustu til að nýta flugið, að auki er laugardagsflug lykilþáttur í menningarstarfi á norðanverðum Vestfjörðum.
2. **Tryggð verði tvö flug á dag til Bíldudals að minnsta kosti tvo daga í viku.** Með því geta íbúar á suðursvæði Vestfjarða farið fram og til baka sama dag, sem er forsenda þess að flugið nýtist sem almenningssamgöngur.

Fjórðungsþing skorar á innviðaráðherra og Vegagerðina að tryggja að flugáætlun og þjónustustig á báðum flugleiðum taki mið af þörfum íbúa og atvinnulífs á Vestfjörðum. Þá verði sveitarfélög og hagaðilar á svæðinu höfð með í ráðum við gerð og endurskoðun flugáætlana.

Flutningsmaður: Gylfi Ólafsson fyrir hönd stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga

Greinargerð

Í apríl 2026 var undirritaður samningur Vegagerðarinnar og Icelandair um flug til Ísafjarðar fyrir tímabilið 1. september 2026 til 31. ágúst 2030. Í samningnum er kveðið á um lágmarksfjölda ferða, sem er breytilegur eftir árstíðum, frá 7 hringferðum á viku yfir vetrarmánuðina upp í 10 á sumrin. Lágmarksfjöldinn er um 28,5% minni en upphaflegt útboð gerði ráð fyrir.

Fjöldi ferða á viku segir þó ekki alla söguna. Það skiptir ekki síður máli hvernig flugin dreifast á vikudaga og hvort hægt sé að fara fram og til baka sama dag. Ef ekki er flogið á laugardögum rofnar tenging yfir helgar. Ef aðeins er eitt flug á dag til Bíldudals þurfa íbúar á suðursvæðinu að gista í hverri áætlunarferð, sem eykur kostnað og fyrirhöfn verulega fyrir flugfarþega og ríkið ef flugfarþegi er að nýta miðlæga þjónustu ríkisins og á rétt til stuðnings við ferð og uppihald . Ályktunin miðar að því að tryggja lágmarksþjónustu á báðum svæðum svo flugið nýtist sem raunverulegar almenningssamgöngur og stefnu stjórnvalda um miðlæga þjónustu fyrir landið allt.